

## Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2023

Á Akureyri hófust frjómælingar 31. mars og stóðu til 30. september, samtals í 184 daga. Mælingar gengu vel allt tímabilið.

Heildarfjöldi frjókorna var 3.487 frjó/m<sup>3</sup> og er það nálægt meðaltali frjómælinga á Akureyri (2. tafla). Tegundir sem helst valda frjókornaofnæmi á Íslandi eru grös, birki, súrur og ösp.

Frjókorn mældust frá 23 frjó- og gróhópum (1. tafla). Af þeim voru 2.909 grasfrjó (83,4%), 75 birkifrjó (2,2%), 58 súrufrjó (1,7%) og 11 asparfrjó (0,3%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á, auk óþekktra, voru 434 (12,4%), þar af voru víðifrjó 111 (3,2%). Algengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

**Fyrsta frjókornið** sem kom í gildruna 31. mars var af óþekktri tegund. Í apríl mældust fá frjókorn, aðallega lyngfrjó, með frjótöluna 13 frjó/m<sup>3</sup>.

**Asparfrjó** voru í lofti 12.–25. maí en ekkert eftir það. Í ár mældust einungis 11 frjó/m<sup>3</sup> og hafa aðeins einu sinni áður mælst færri asparfrjókorn. Það var árið 2006.

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2023, raðað eftirfjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Frjó/m <sup>3</sup>
Gras	Poaceae	2909
Birki	<i>Betula</i>	75
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	58
Ösp	<i>Populus</i>	11
Víðir	<i>Salix</i>	111
Fura/Greni	Pinaceae	49
Stör	<i>Carex</i>	30
Lyng	Ericales	29
Netla	<i>Urtica</i>	27
Sveipjurtaett	Umbelliferae	22
Elfting	<i>Equisetum</i>	22
Rósaett	Rosaceae	18
Einir	<i>Juniperus</i>	13
Beitilyng	<i>Calluna</i>	9
Yllir	<i>Sambucus</i>	7
Sefætt	Juncaceae	6
Fífíll	Compositae Cichorideae	5
Maðra	<i>Galium</i>	3
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	3
Hjartagras	Caryophyllaceae	2
Körfulóm	<i>Aster</i>	2
Sóley	<i>Ranunculus</i>	1
Burkni	Pteridophyta	1
Óþekkt/ógreind	incognito	74


**Birkifrjó** hafa aldrei mælst jafn fá og í ár (75 frjó/m<sup>3</sup>) en það er verulega mikið undir meðaltali árána 1998–2022 (713 frjó/m<sup>3</sup>). Þau mældust flest frá 18. maí til 13. júní. Hámark birkifrjóa var 19. maí (8 frjó/m<sup>3</sup>).

**Grasfrjó** mældust frekar mörg í ár. Fyrsta grasfrjóid kom í gildruna 1. júní og voru þau í lofti flesta daga fram í miðjan september. Heildarfjöldi var 2.909 frjó/m<sup>3</sup>, vel yfir meðaltali árána 1998–2022 (1.834 frjó/m<sup>3</sup>). Aðal frjótími grasa var í ágúst en þá mældust 2.193 frjó/m<sup>3</sup>. Í júní mældust 167 frjó/m<sup>3</sup>, 475 frjó/m<sup>3</sup> í júlí og 74 frjó/m<sup>3</sup> í september. Þriðjudaginn 15. ágúst voru flest grasfrjókorn í lofti eða 469 frjó/m<sup>3</sup>.

**Súrufrjó** mældust fyrst 5. júní. Alls mældust 58 frjó/m<sup>3</sup> sem er nálægt meðaltalinu, 65 frjó/m<sup>3</sup>. Frjótalan fór hæst í 6 frjó/m<sup>3</sup> þann 8. ágúst.



## Heildarfrjómag्न Akureyri og skipting í helstu frjógerðir 1998–2023



1. mynd. Heildarfrjómag्न og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2023.

Á Akureyri var sumarið 2023 rétt yfir meðallagi hvað heildarfrjómag्न varðar. Einungis í ágúst voru frjókorn yfir meðaltali (2. tafla).

Frjóríkasti mánuður sumarsins var ágúst ( $2.237 \text{ frjó/m}^3$ ) en apríl reyndist sá rýrasti, fyrir utan mars, með  $16 \text{ frjó/m}^3$ . Þá mældist í ágúst næstmesti fjöldi grasfrjókorna ( $2.193 \text{ frjó/m}^3$ ), sem mælst hefur í einum mánuði á Akureyri frá upphafi mælinga. Mesti fjöldi mældra grasfrjókorna í einum mánuði er í júlí 2014 ( $2.389 \text{ frjó/m}^3$ ).

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2023 og meðaltal árunna 1998–2022.

Mánuður	2023	Meðaltal
Mars	1	6
Apríl	16	61
Maí	185	534
Júní	419	736
Júlí	541	917
Ágúst	2.237	974
September	88	166
<b>Samtals</b>	<b>3.487</b>	<b>3.389</b>

Frjókorn mældust í lofti flesta daga frá 19. apríl og fram í september. Að meðaltali voru nítján frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts á Akureyri og er það aðeins minna en í meðalári ( $20 \text{ frjó/m}^3$ ). Hæsta samanlögð frjótala mældist 15. ágúst ( $469 \text{ frjó/m}^3$ ) en hún fór alls fimmtán sinnum yfir  $50 \text{ frjó/m}^3$ .

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var vorið (apríl og maí) hlýtt um allt land. Þurr og sólríkt á Akureyri. Um sumarið (júní til september) voru meðalhiti, úrkoma og sólskinsstundir á Akureyri aðeins yfir meðallagi síðustu þrjátíu ára. Júní var hlýjasti mánuðurinn en einnig var ágúst hlýr og þurr framanaf. Meira en helmingur af sumarúrkomunni féll í september.

Í október 2023

Ellý Guðjohnsen

